

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 140
birtingar á innköllunum gamalla skuldabrejfa. — Út af fyrirspurn frá bæjarfóget- 26. nóv.
 anum í Reykjavík, er þjer, herra amtmaður, hafið beint til mín með brjefi
 dags. í dag, um það, hvort innkallanir þær, sem um ræðir í 2. gr. laga 16.
 sept. 1893 um sjerstaka heimild til þess að afmá veðskuldbindingar úr veðmála-
 bókum, eigi að birtast í Berlingatíðindum auk þess blaðs hjer á landi, sem
 opinberar auglýsingar eru birtar í, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð,
 til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarfógetanum, að með því að
 skoða mun verða ákvæði fyrstu greinar laganna um, að auglýsingar
 þær, sem eru skilyrði fyrir afmáning síðari veðrjetta, sem veðið ekki hefur
 hrokkið til að fullnægja, skuli einungis birtar hjer á landi, sem sjerstakt und-
 antekningarákvæði, og með því að auk þess mun verða að teljast venja,
 að stefnur til ógildingardóma sjeu birtar samkvæmt reglum þeim, er þar um
 gilda í Danmörku, sbr. op. br. 27. maí 1859 og op. br. 9. maí 1855, þá er það
 álit mitt, að samkvæmt fyrirmælum 2. greinar laganna og nýnefndum ákvæðum
 beri að birta hinar umræddu innkallanir í Berlingatíðindum í Kaupmannahöfn,
 auk þess, sem þær ber að auglýsa í blaðinu »Ísafold«.

Brjef landshöfðingja til biskups um bráðabirgðauppbót handa prestakalli. — 141
 (Agrip). — Með brjefi þessu var Eyvindarhólaprestakalli í Rangárvallaprófasts- 18. des.
 dæmi veitt bráðabirgðauppbót af tje því, sem um ræðir í fjárlaganna 13. gr.
 A. b. 2, að upphæð 200 kr., fyrir yfirstandandi fardagaár.

Brjef landshöfðingja til biskups um skiptingu Stokkseyrarsóknar. — Eptir 142
 að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 21. f. m. og þar með 24. des.
 fylgjandi erindi frá sóknarnefnd Stokkseyrarsóknar, er inniheldur nauðsynlegar
 skýringar á tillögu nefndarinnarinnar um skiptingu Stokkseyrarsóknar, dags.
 24. okt. þ. á., vil jeg hjer með samkvæmt tillögu yðar og samkvæmt 4. gr.
 laga nr. 3, 27. febr. 1880, sbr. ráðh.br. 5. maí 1887, samþykkja :

1. að Stokkseyrarsókn sje skipt í 2 sóknir, er nefnist Eyrarbakkasókn
 og Stokkseyrarsókn, þannig, að til Eyrarbakkasóknar teljist bærinn Óseyrarnes
 ásamt Eyrarbakkaverzlunarstað allt að Litlahrauni, en í Stokkseyrarsókn ráði
 Litlahraun mörkum að vestan og hin gömlu mörk hinnar núverandi Stokks-
 eyrarsóknar að austan;

2. að eignir og skuldir Stokkseyrarkirkju eins og þær verða þegar
 skipti fara fram, að undanteknum kirkjuhúsum, ornamentis og instrumentis,
 skiptist jafnt milli hinna nýju sókna;

3. að hvor hinna nýju sókna hafi, að aflokinni skiptingu, sinn aðskilda
 fjárhag, þannig, að Eyrarbakkakirkja hljóti allar tekjur af Eyrarbakkasókn og
 Stokkseyrarkirkja af Stokkseyrarsókn.